

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 13. maí 2019 kl. 16:15

Hjördís Sigursteinsdóttir formaður FHA setti fundinn með dagskrá og stakk upp á að Guðmundur Kr. Óskarsson yrði fundarstjóri og Margrét Elísabet Ólafsdóttir fundarritari, sem fundarmenn samþykktu.

Dagskrá:

1. Fundargerð
Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt án athugasemda.
2. Skýrsla stjórnar
Hjördís Sigursteinsdóttir fylgdi úr hlaði *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2018-2019*, sbr. fylgiskjal. Formaður skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.
Skýrslan var samþykkt án athugasemda.
3. Endurskoðaðir reikningar
Stefán Sigurðsson, skoðunarmaður ársreikninga FHA lagði fram endurskoðaða reikninga og skýrði frá fjárhag félagsins.
Reikningar voru samþykktir án athugasemda.
4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga
Nýir félagar voru samþykktir með fyrirvara um að listi með nöfnum 26 nýrra félaga sé réttur, sbr. fylgiskjal. Í félaginu eru 160 meðlimir.
Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt, með einni breytingu vegna starfsmanns sem er hættur störfum.
5. Ákvörðun um árgjald
Stjórn lagði til að félagsgjöld verði óbreytt eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Tillagan var samþykkt einróma.
6. Tillögur til lagabreytinga
Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.
7. Kosning formanns
Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs. Engin mótframboð bárust. Formaður var kosinn einróma.
8. Kosning stjórnar
Aðalmenn:
Auðbjörg Björnsdóttir og Guðmund Kr. Óskarsson voru endurkjörin til tveggja ára, án mótframboðs.

Varamenn:

Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Stefán Guðnason voru endurkjörnir varamenn til eins árs, án mótframboðs.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings:
Stefán Jóhannsson og Stefán Sigurðsson einróma endurkjörin.

10. Kosning samninganefndar

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

11. Kosning samstarfsnefndar

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

12. Önnur mál

- a. Námssjóður. Breytingar urðu á reglum í starfsþróunarsjóða FHA þannig að hann nær nú til starfsmanna í 49% starfshlutfalli. Ákveðið að halda Námssjóðnum áfram í eitt ár.
- b. Kosning trúnaðarmanna. Umræður um kosningu sérstaka trúnaðarmanna utan stjórnar. Fundur ákvað að halda í núverandi fyrirkomulag, þar sem stjórnarmenn eru jafnframt trúnaðarmenn.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan kl. 17:07.

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, fundarritari